

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðaáætlun um almenningssamgöngur

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að ráðast í eftirfarandi aðgerðir í því skyni að bæta almenningssamgöngur í borginni. Sérstök aðgerðaáætlun verði gerð þar sem fram komi hvenær einstakir hlutar hennar komast til framkvæmda ásamt kostnaðarmati, tímasetningum og ábyrgðaraðilum. Miðað skal við að ráðist verði í fyrstu aðgerðir samkvæmt áætluninni á árinu 2024.

1. Forgangsakreinar. Framkvæmdir vegna lagningar forgangsreina fyrir strætó verði hafnar að nýju í Reykjavík á árinu 2024. Áhersla verði lögð á umferðarþunga staði þar sem strætisvagnar verða helst fyrir töfum.
2. Umferðarljósaforgangur. Forgangur strætisvagna verði tryggður með innleiðingu snjalltækni á umferðarljósum.
3. Biðskýli og skiptistöðvar. Ráðist verði í áttak við úrbætur á biðskýlum og skiptistöðvum. Upphitið biðskýli verði sett upp á fjölförnum biðstöðvum. Umbætur verði gerðar á skiptistöðvum, m.a. verði séð til þess að þær verði opnar kvölds og morgna á meðan strætisvagnar ganga og farþegum tryggður aðgangur að þrífalegu salerni (Reykjavíkurborg).
4. Greiðslukerfi. Núverandi greiðslukerfi verði skipt út fyrir hraðvirkt og notendavænt kerfi í samvinnu við aðra eigendur Strætó bs.
5. Vagnafloti. Endurnýjun vagnaflota Strætó bs. verði hraðað í samvinnu við aðra eigendur Strætó bs.
6. Leiðakerfi. Núverandi leiðakerfi verði endurskoðað og gerðar á því nauðsynlegar úrbætur sem fyrst í samvinnu við aðra eigendur Strætó bs. Í þeirri vinnu verði efnt til víðtæks samráðs við ýmsa aðila um æskilegar úrbætur á leiðakerfinu. Til dæmis: núverandi farþega Strætó, vagnstjóra, íþróttafélög, foreldrafélög í grunnskólum, foreldrafélög í leikskólum, ungmennaráð sem og félög stúdenta í framhaldsskólum og háskólum í borginni. Á grundvelli þessarar vinnu verði ráðist í umbætur á leiðakerfinu.